

Ár 2013, miðvikudaginn 6. nóvember kom stjórn SSNV saman til fundar að Hnjúkabraut 33, Blönduósi, kl. 11:00.

**Mætt til fundar:** Ágúst Þór Bragason, Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Leó Örn Þorleifsson og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

#### **Dagskrá:**

1. Almenningsamgöngur.
2. Landshlutaáætlun – Samningur við N4.
3. Starfsmannamál.
4. Menningarsamningur Norðurlands vestra.
5. Vaxtarsamningur Norðurlands vestra.
6. Bréf og kynntar fundargerðir.
7. Önnur mál.

#### **Afgreiðslur:**

1. Fyrir liggur tölvupóstur, frá 31. október 2013, frá Ólafi Sveinssyni, Sambandi sveitarfélaga á Vesturlandi, sem annast hefur umsjón með rekstri leiðar 57 fyrir hönd þeirra fjögurra landshlutasamtaka sem að henni standa. Landshlutasamtökin eru SSV, FV, SSNV og Eyþing. Í tölvupóstinum koma fram bráðabirgðatölur varðandi farþega fjölda á árinu 2013. Fjöldi farþega í október var meiri en aðra mánuði ársins. Stjórn SSNV lýsir áhyggjum yfir þeirri stöðu sem upp er komin varðandi rekstur leiðar 57 og leggur ríka áherslu á að allir aðilar sem koma að verkefninu standi við gerða samninga og skili umsömdum rekstrarframlögum ríkisins til verkefnisins.  
Lagt fram minnisblað dags. 16. október 2013 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi ábendingar við frumvarpsdrög um farþegaflutninga á landi.  
Lagðar fram þrjár fundargerðir frá 2. október 2013, frá fundum með fulltrúum landshlutasamtaka og Strætó, þar sem farið var yfir ýmsa þætti varðandi rekstur almenningsamgangna og samstarf vegna verkefnisins og einstaka hluta þess.
2. Landshlutaáætlun. Fyrir liggja drög að samningi við N4 og er hann hluti af verkefni sem SSNV vinnur að á vettvangi landshlutaáætlunar. Stjórn SSNV samþykkir fyrirbyggjandi drög og felur framkvæmdastjóra að ganga frá samningi á grundvelli þeirra.  
Lagður fram tölvupóstur dagsettur 21. október 2013, frá Stýrineti Stjórnarráðsins, undirritaður af Stefaníu Traustadóttur þar sem lögð er fram greinargerð um verkefni landshlutaáætlunarinnar til fjármála- og efnahagsráðuneytisins og mælt með því að annar hluti af greiðslum til landshlutasamtakanna fari fram skv. áætlun þar um.
3. Framkvæmdastjóri lagði fram ferilskrá Hildar Þóru Magnúsdóttur en hún hóf störf í 80% starfshlutfalli þann 1. nóvember 2013. Hún mun annast umsjón með verkefni SSNV á vettvangi landshlutaáætlunar og leysa Laufeyju Kristínu Skúladóttur af í fæðingarorlofi. Ráðningarsamningur Hildar er til 31. maí 2014.
4. Menningarsamningur Norðurlands vestra

Samþykkt að stjórn og framkvæmdastjóri muni hefja undirbúning að endurnýjun menningarsamnings.

5. Ágúst Þór Bragason og Þóra Sverrisdóttir gerðu, ásamt framkvæmdastjóra, grein fyrir fundi sem þau áttu fyrir hönd stjórnar SSNV, með Guðjóni Bragasyni sviðsstjóra lögfræði- og velferðarsviðs hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna málefna Vaxtarsamnings Norðurlands vestra, þann 5. nóvember sl. Sjá einnig trúnaðarbók.
6. Bréf og kynntar fundargerðir.
  - a) Lagt fram afrit af tölvupósti og fylgiskjöllum dagsett 4. nóvember 2013, frá Guðrúnu Dögg Guðmundsdóttur, þar sem kynnt eru gögn vegna fyrirhugaðs fundar á sveitarstjórnarvettvangi EFTA, sem haldinn verður í Brussel 18. – 20. nóvember nk.
  - b) Lögð fram til kynningar fundargerð frá 809. fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var 25. október 2013.
  - c) Lögð fram til kynningar fundargerð frá 470. fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var 7. október 2013.
  - d) Lögð fram til kynningar fundargerð frá 471. fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var 17. október 2013.
  - e) Lögð fram til kynningar fundargerð frá 472. fundi stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn var 23. október 2013.
  - f) Lagðar fram til kynningar ályktanir 58. Fjórðungspings Vestfirðinga sem haldið var 11. – 12. október 2013.
  - g) Lögð fram til kynningar fundargerð frá 245. Eyþings sem haldinn var 4. september 2013.
  - h) Lögð fram til kynningar fundargerð frá 246. Eyþings sem haldinn var 27. september 2013.
  - i) Lögð fram til kynningar fundargerð frá 247. Eyþings sem haldinn var 24. október 2013.
7. Önnur mál
  - a) Fjallað um stöðu og mikilvægi landbúnaðarháskólanna. Í kjölfar umræðu um breytingar varðandi umgjörð háskólastarfsemi í landinu lýsir stjórn SSNV áhyggjum af framtíð og starfi þeirra sem sjálfstæðra stofnana í heimabyggð. Stjórn mun halda áfram að fylgjast með málinu og afla upplýsinga.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 15:50.